

## Talning ferðamanna

**Til** : Jóhanna María Sigmundsdóttir <johanna@dalir.is>  
**Frá** : Grétar Guðmundur Sæmundsson - FERDA <gretar.gudmundur.saemundsson@ferdamalastofa.is>  
**Heiti** : Talning ferðamanna  
**Málsnúmer** : 2111019  
**Málsaðili** : Ferðamálastofa  
**Skráð dags** : 18.11.2021 15:06:41  
**Höfundur** : Grétar Guðmundur Sæmundsson - FERDA <gretar.gudmundur.saemundsson@ferdamalastofa.is>  
**Viðhengi** image001.pngimage001.png

Sæl Jóhanna.

Grétar heiti ég og er starfsmaður á rannsókn- og tölfræðisviði Ferðamálastofu. Eyjólfur benti mér á að tala við þig um þetta mál.

Þannig er mál með vexti að Ferðamálastofa stendur fyrir talningu á ferðamannastöðum víða um landið. Talningin fer fram með sjálfvirkum teljara sem telur gangandi vegfarendur með góðri nákvæmni. Tölurnar yrðu svo birtar um það bil daglega í Mælaborði ferðaþjónustunnar.

Það er enginn teljari í Dölunum eins og er, en ég er að velta því fyrir mér hvort að einhver áfangastaður í Dölunum myndi henta í þetta verkefni (og þá auðvitað hvort sveitarfélagið og/eða landeigandi hafi áhuga á verkefninu yfirhöfuð). Nú vill svo til að ég þekki Dalina nokkuð vel. Mér dettur t.d. Krosshólaborg í hug. Ég vil því spyrja hvort þetta sé eitthvað sem Dalabyggð hefði áhuga á, og þá auðvitað hvort einhver staður komi sterklega til álita sem talningarstaður. Ath. að þægilegast er að telja á stöðum þar sem öll eða nánast öll gangandi umferð fer sama stíginn.

Með kveðju,

|                                                                                                                                         |                                                                                                                                                                          |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <br><b>Ferðamálastofa</b><br>Icelandic Tourist Board | <b>Grétar G. Sæmundsson</b><br><br>Hugbúnaðarsérfræðingur<br><br><a href="mailto:gretar@ferdamalastofa.is">gretar@ferdamalastofa.is</a><br><br>GSM/Mobile: +354 662 1436 |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

